

# Melrakkasetur Íslands ehf.

---



Skýrsla fyrir starfsárið 2013

---

## Efnisyfirlit

|                                    |    |
|------------------------------------|----|
| Frá formanni stjórnar .....        | 3  |
| Stjórn og fundir.....              | 4  |
| Stefnumál .....                    | 4  |
| Starfsmannamál .....               | 4  |
| Hjálparliðar og bakland .....      | 5  |
| Fjármál.....                       | 5  |
| Starfið í Eyrardal .....           | 6  |
| Helstu viðburðir .....             | 7  |
| Alþjóðleg ráðstefna .....          | 7  |
| Rannsóknir.....                    | 9  |
| Vöktun íslenska refastofnsins..... | 9  |
| Refirnir á Hornströndum .....      | 10 |
| Hvað eru refirnir að éta? .....    | 12 |
| Tjón á sauðfé – módel .....        | 12 |
| Vísindagreinar.....                | 13 |
| Þjónustuverkefni .....             | 13 |
| Refaskoðun.....                    | 13 |
| Kvikmyndaverkefni .....            | 14 |
| Lokaorð.....                       | 15 |
| Nýtt fólk og björt framtíð .....   | 15 |

## Frá formanni stjórnar

Í júní 2013 voru komin tæp sex ár frá því að um 45 manns komu saman í Samkomuhúsi Súðavíkur í því skyni að stofna fræðasetur helgað íslenska melrakkanum undir forystu Ester Rutar Unnsteinsdóttur líffræðings. Á sama tíma stóðu yfir endurbætur á Eyrardalsbænum sem Melrakkasetrið yrði staðsett í. Þremur árum seinna, þann 12. júní 2010 var Eyrardalsbærinn tekin formlega í notkun og á sama tíma opnuð sýning tileinkuð melrakkanum í húsinu.

Heimsóknir í Melrakkasetrið árið 2013 voru um sex þúsund og á árinu hófust formlegar ferðir ferðamanna í setrið frá skemmtiferðaskipum sem leggja upp á Ísafirði.

Það er vissulega ánægjulegt að geta litið um öxl og séð að í dag á Súðavík stóran þátt í aukningu afþreyingarmöguleika svæðisins og ekki síður fyrir heimamenn að eiga farsælt fyrirtæki sem starfar í menningar- og náttúrutengdri ferðaþjónustu.

Melrakkasetrið hefur jafnframt stimplað sig inn sem faglegur og áreiðanlegur aðili á sviði rannsókna á íslenska melrakkanum. Niðurstöður þeirra rannsókna munu til lengri tíma litið eiga stóran þátt í að breyta lífræðilegri vitneskju íslensku þjóðarinnar um melrakkann. Það er mín trú að sú vitneskja sem stöðugt er að aukast eigi eftir að auka gæði ákvarðana ríkis og sveitarfélaga í stefnumótun á veiðum á íslenska melrakkanum enn frekar.

Þannig skiptir Melrakkasetur Íslands ehf miklu máli. Ekki bara fyrir ferðamennsku svæðisins heldur einnig fyrir stjórnvöld og sveitarfélög. Þetta hafa bæði sveitarfélög og stjórnvöld áttað sig á sem hefur sýnt sig í góðum og miklum stuðningi við starfssemi setursins sem mikilvægt er að hlúa áfram að, enda lykillinn að áframhaldandi þróun og eflingu starfseminnar.

Í lok árs 2013 tók ég ákvörðun um að gefa ekki kost á mér til sveitarstjórarstarfa eftir kosningar vorið 2014 eftir 12 ára starf sem sveitarstjóri Súðavíkurhrepps. Vegna nýrra verkefna mun ég því ekki gefa kost á mér til áframhaldandi starfa í stjórn Melrakkaseturs Íslands ehf.

Vil ég á þeim tímamótum þakka af einlægni stjórn setursins, Ester Rut og starfsmönnum setursins fyrir frábært samstarf í gegn um tíðina, ekki síður fyrir það góða og árangursríka samstarf sem samfélagið í heild sinni hefur átt í að byggja upp starfssemi Melrakkaseturs Íslands ehf.

Það hefur verið gefandi að fá að taka þátt í og fylgjast með uppbyggingu og vexti setursins, að fá að skapa starfssemi sem ekki á sér hliðstæðu í heiminum og er það trú mín að ný stjórn félagsins taki við spennandi verkefni sem felst í að efla og styrkja setrið enn frekar á komandi árum.

Með von um gott gengi

Ómar Már Jónsson

## Stjórn og fundir

Árið 2013 var stjórn Melrakkaseturs Íslands ehf þannig skipuð (í stafrófsröð): Barði Ingibjartsson, Dagbjört Hjaltadóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Ómar Már Jónsson og Böðvar Þórisson. Til vara var Elías Oddsson. Stjórn skipti með sér verkum þannig: Ómar formaður stjórnar og Ester ritari, aðrir stjórnarmenn voru meðstjórnendur. Guðmundur Kjartansson hjá Endurskoðun Vestfjarða ehf. Setti upp og veitti faglega aðstoð við gerð ársreikninga félagsins. Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði á tveggja mánaða fresti á síðastliðnu ári. Stjórn, að hluta eða í heild, sat einnig ýmsa fundi með samstarfs og/eða opinberum aðilum.

## Stefnumál

Eitt aðalmarkmið Melrakkasetursins er að gera tófuna að verðmætri auðlind í sjálfbærri ferðaþjónustu. Við viljum vekja athygli á tegundinni sem einkennisdýri Vestfjarða. Ennfremur stuðlar setrið að og tekur virkan þátt í þverfaglegum rannsóknum á tegundinni í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir.

Melrakkasetrið vinnur skv. sjálfbærri hugmyndafræði og leitast við að:

- vera til fyrirmyndar og veita fræðslu í umgengni við náttúruna.
- afla og miðla þekkingu um vistkerfi og samspil lífvera í umhverfinu.
- taka þátt í samstarfi og verndaráætlunum um viðkvæm náttúrusvæði.
- byggja upp á sjálfbæran hátt þá auðlind sem felst í náttúru og dýralífi svæðisins.
- velja vörur og þjónustu úr héraði, ef kostur er.
- skapa störf í heimabyggð.
- vera virk í samstarfi við vísindamenn og opinberar rannsóknastofnanir.
- taka virkan þátt í samfélaginu með því að veita nemendum og kennurum á grunnskóla- og framhaldsstigi fræðslu og tækifæri til frumkvöðla-vinnu og samstarfs.
- bjóða grunnskólabörnum og eldri borgurum í heimabyggð ókeypis aðgang að sýningu setursins.

Með tilkomu Melrakkasetursins verð til tækifæri til uppbyggingar á menningar- og náttúrutengdri ferðaþjónustu á Norðanverðum Vestfjörðum. Vaxandi aðsókn hefur leitt af sér þörf fyrir aðra starfsemi í nágrenninu, svo sem gistimöguleika, veitingastaði, afþreyingu og fleira. Þannig styrkir Melrakkasetrið stöðir samfélagsins og veitir tækifæri til uppbyggingar allan ársins hring. Áfram þarf að styðja við starfsemina sem er ung og í örum vesti. Allur stuðningur skiptir máli fyrir þetta litla verkefni, sem er svo stórt í sjálfu sér, enda eina Melrakkasetrið í heiminum.

## Starfsmannamál

Ester Rut Unnsteinsdóttir sinnti starfi framkvæmdastjóra eins og áður en í maí 2013 var Jónas Gunnlaugsson ráðinn til starfa og tók við stöðu rekstrarstjóra setursins. Í ágúst fengum við enn einn nýjan liðsmann í hóp melrakkanna, hann Stephen Midgley, framkvæmdastjóra The Wild North og fyrrum starfsmann Selaseturs Íslands á Hvammstanga. Hann er alltaf kallaður Midge og starfshlutfall hans var 50% á móti 50% fyrir Súðavíkurehreyr þar sem hann myndi vinna að ferðamálum ásamt tilfallandi verkefnum sem lágu fyrir. Ester hóf störf við Náttúrufræðistofnun Íslands 1. september og sáu þeir Midge og Jónas um reksturinn og starfsemina í Eyrardal eftir það en Ester sinnti eingöngu

rannsóknnum, sem starfsmaður Náttúrufræðistofnunar. Þrír starfsmenn voru því að störfum við setrið á heilsársgrundvelli. Yfir sumartímann voru auk þeirra Esterar og Jónasar þau Genka Yordanova, Rúna Esradóttir, Þórir Garibaldi Halldórsson, Snorri S. Jónsson og Fanney Þórisdóttir starfandi við afgangsefni, framreiðslu og leiðsögn í Melrakkasetrinu. Á hreppsskrifstofunni sat Jónína Hansdóttir og bókfærði kvittanir og fylgiskjöl ásamt því að sjá um laun og opinber gjöld. Skrifstofuhald og umsýsla, fyrir utan störf Jónínu, fór fram í húsnæði Melrakkaseturs Íslands í Eyrardal. Hálfán Helgi Helgason var lausráðinn starfsmaður í tímabundnu verkefni á árinu.

## Hjálparliðar og bakland

Margir lögðu okkur lið á árinu 2013 og ávallt eru þeir fleiri sem vilja koma og vinna sem sjálfboðaliðar, bæði í rannsóknnum og í Melrakkasetrinu. Eric Maes, Amirhan Duvshani, Daniel Friesen, Chloe (sem var intern nemi en hjálpaði mikið til), Fiona Stoddart, Julien Joly, Gilles Chen, Lucie Abolivier, Chris Moore, Josh Bradley, Juliann Shamel (líka kölluð Juice, vísindamaður og listakokkur), Phillipe, Timo og Omar Fragomeni eru meðal þeirra sjálfboðaliða sem komu og lögðu okkur lið.

Í baklandinu eru margir auðvitað enda á Melrakkasetrið marga vini, bæði meðal hluthafa og annara aðila sem styðja okkur með einum eða öðrum hætti. Er næsta víst að Melrakkasetrið væri ekki til ef ekki nyti baklandsins. Of langt er að telja alla hér en við erum afar þakklát fyrir allan stuðning og velvilja í okkar garð.

## Fjármál

Í ársreikningum félagsins fyrir árið 2013 kemur fram að heildar tekjur félagsins voru um 17,8 milljónir og heildargjöld tæpar 19 milljónir. Tap af rekstri félagsins var því tæpar ellefuhundruð þúsund. Tekjur af starfseminni í Eyrardal voru tæpar 9 milljónir á árinu, þar af vour tæpar 2,5 milljónir í aðgangseyri að sýningunni. Styrkir sem fengust á árinu voru upp á rúmar 7,6 milljónir. Helstu kostnaðarliðir vour laun og launatengd gjöld upp á tæpar 9,3 milljónir, rekstur setursins upp á rúmar 4 milljónir og rannsóknakostnaður upp á tæpar 3,4 milljónir.

Sótt var um fjármagn til margvíslegra sjóða vegna starfsemi Melrakkaseturs Íslands og fengust eftirfarandi styrkir á árinu 2013:

|                                  |                           |             |
|----------------------------------|---------------------------|-------------|
| Veiðikortasjóður                 | Hvað eru refirnir að éta? | 3.450.000.- |
| Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytir | Melrakkasetur í sókn      | 2.000.000.- |
| Umhverfis- og auðlindaráðuneytið | Refirnir á Hornströndum   | 1.800.000.- |
| Menningarráð Vestfjarða          | Rekstrarstyrkur           | 1.500.000.- |

Einnig bárust fjöldi smærri styrkja og gjafa frá gestum og velunnurum Melrakkasetursins. Má þar nefna sjónvarp frá Ástríði Pálsdóttir, ekkju Páls Hersteinssonar, og fjölskyldu hennar. Mörg fyrirtæki hafa veitt Melrakkasetrinu stuðning bæði í formi styrkja, góðrar fyrirgreiðslu og aðstoðar ymiskonar, t.d. Gamlabakaríið og Ölgerðin sem hafa gefið okkur veitingar í afmælisveisluna okkar.

Súðavíkurhreppur og Iceland Sea Angling hafa reynst okkur góðir bakhjarlar, nú sem endra nær, og veitt okkur ýmiskonar aðstoð og góða ráðgjöf. Melrakkasetrið á marga góða vini og viljum við koma á framfæri kærum þökkum til allra sem hafa lagt setrinu lið á einn eða anna hátt.

Hluthafar í Melrakkasetri Íslands í árslok 2013 voru 68.



## Starfið í Eyrardal

Starfið hófst formlega um páskana þegar boðið var upp á páskaeggjaleit í nágrenni setursins, steinamálun og skemmtilegheit fyrir fjölskylduna ásamt hefðbundnum kaffiveitingum. Genka og Ester sáu um að baka og fela páskaeggjamiða. Góa gaf egg og súkkulaði í leitina og voru þátttakendur duglegir að leita. Vorið fór rólega í gang en gestagangurinn byrjaði með aðeins meiri krafti í kjölfar afmælishátíðarinnar sem haldin var 9. júní. Um sumarið var mikið um ferðamenn og í fyrsta skipti var setrið í hlutverki upplýsingamiðstöðvar svo margir leituðu til okkar um upplýsingar. Áfram var opið til kl. 22 alla daga og í tilraunaskyni var opnað kl. 9 og boðið upp á morgunverð. Gestir voru ánægðir með það að opnað væri snemma en ekki komu alltaf jafn margir í morgunverðinn.

Brúðuleikhúsið Mikki og melrakkarnir fékk frí þetta sumarið. Í fyrsta skipti komu gestir af skemmtiferðaskipum á vegum Vesturferða og var tekið á móti rúmlega 1000 skipagestum með vöfflum, kaffi og sýningu. Hápunktur síðsumars var bláberjahátíðin og voru mikil hátíðahöld í Eyrardalnum ásamt öðrum stöðum í þorpinu. Bláberjalestin og tónleikar á föstudagskvöldinu og hefðbundin dagskrá á laugardeginum: bláberja-pæ-átkeppni, fyllukeppni, stærsta berið og uppskriftakeppnin. Fengin var muurika panna á leigu og þar voru steiktar pylsur sem boðið var upp á með kartöflusalati og fleiru. Bláberjapæ og fleiri bláberjatengdir réttir voru í boði og bröns á helginni kom sér vel hjá þeim sem þurftu orku fyrir heimferð eða til að jafna sig betur á átökum helgarinnar og hafa krafta í meiri berjatínslu.



Mynd 1. Straumurinn liggur í Eyrardalinn, alltaf fullt af fólki í heimsókn.

## Helstu viðburðir

Tónleikar og uppákomur:

|       |                                                                                                       |
|-------|-------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Mars  | McKinley Black                                                                                        |
| Mars  | Kiley McCarthy                                                                                        |
| Júlí  | Svavar Knútur                                                                                         |
| Ágúst | Kítón: Ragnheiður Gröndal, Védís Hervör og Hafdís Huld<br>og svo risablúsband með Skúla mennska og co |
| Okt.  | Uppistand með Begga blinda og Elvu Dögg                                                               |
| Des.  | Björsmakk og Skúli mennski unplugged                                                                  |

Matarveislur:

|       |                                     |
|-------|-------------------------------------|
| Febr. | Fjúsionblót                         |
| Maí   | Búlgarskt kvöld                     |
| Maí   | Belgískt kvöld                      |
| Júlí  | Þorláksmessa að sumri – skötuveisla |
| Ágúst | Sushi veisla                        |
| Sept  | Bjór og snakk                       |

Myndlistasýningar:

Sólveig Edda Vilhjálmsdóttir  
Guðrún Friðriksdóttir  
Hafsteinn Hafsteinsson  
María Guðbrandsdóttir

Aðrir einstakir viðburðir: Páskadagskrá, Afmælið, Bláberjahátíðin, Halloween og Aðventusunnudagar.

## Alþjóðleg ráðstefna

Stærsta verkefni Melrakkaseturs Íslands frá upphafi varð að raunveruleika í október þegar Melrakkasetrið hafði umsjón með alþjóðlegri ráðstefnu vísindamanna sem rannsaka melrakkann. Ráðstefnan var haldin á Hótel Núpi í Dýrafirði og heppnaðist einstaklega vel. Er þetta í fjórða skiptið sem slík ráðstefna fer fram en hún er haldin á fjögurra ára fresti. Fjallað var um rannsóknir á melrakkanum frá ólíkum sjónarmiðum og ýmsum sviðum líffræðinnar. Á síðustu ráðstefnu sem haldin var í Svíþjóð árið 2009 var ákveðið að næsta ráðstefna færi fram á Íslandi árið 2013. Var þetta í fyrsta skipti sem ráðstefnan er haldin hér á landi og var undirbúningur og framkvæmd ráðstefnunnar í höndum starfsmanna Melrakkasetursins og nutum við aðstoðar Söndru Lai, doktorsnema í farhegðun refa við háskólann í Québec, Kanada. Þar verður næsta ráðstefna haldin að fjórum árum liðnum.

Ráðstefnan var vel sótt af vísindamönnum frá Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Rússlandi, Bandaríkjunum, Kanada, Þýskalandi og Nýja Sjálandi auk Íslands. Haldnir voru 22 fyrirlestrar í fjórum flokkum, þ.e. samskipti við aðrar tegundir og menn, lífeðlisfræði og erfðafræði, verndun og stjórnun og stofnvistfræði. Einnig voru 8 veggspjöld með yfirliti yfir rannsóknarverkefni í sömu málaflokkum kynnt á ráðstefnunni. Starfsmenn Melrakkaseturs og Náttúrufræðistofnunar Íslands, þau Ester Rut Unnsteinsdóttir, Borgný Katrínardóttir og Hálf dán Helgi Helgason, kynntu helstu niðurstöður rannsókna sem setrið stendur fyrir og héldu tvö erindi í flokknum verndun og stjórnun ásamt því að

kynna rannsóknir á tveimur veggspjöldum í flokknum „samskipti við aðrar tegundir“. Hægt er að kynna sér erindin og veggspjöldin á sýningu Melrakkasetursins, umfjöllunarefnið er m.a. afföll lamba í sumarhögum, ferðamenn og refir, rannsóknir á Hornströndum og refatollur fyrr og nú. Intern nemandinn okkar, hún Chloé Nater, var meðhöfundur að veggspjaldinu um áhrif ferðamanna á atferli refa.

Minning Dr. Páls Hersteinssonar (f. 1951, d. 2011) verndara Melrakkasetursins var heiðruð á síðasta degi ráðstefnunnar en 13. október var einmitt dánardagur hans. Til máls tóku kollegar frá Svíþjóð, Noregi og Íslandi en einnig voru bornar upp kveðjur frá erlendum og innlendum samstarfsaðilum. Var þetta falleg stund og mikilvæg fyrir okkur sem stóðum honum nærri.

Í tilefni ráðstefnunnar fékk Melrakkasetrið fallega sendingu frá listamanni frá Bandaríkjunum sem kallar sig Arielle Dreams. Hún hannaði gjafakort til minningar um Pál Hersteinsson og mun ágóði af sölu kortanna renna í minningarsjóð hans sem helgaður er rannsóknum og fræðslu. Einnig gaf Dr. Nina Eide Melrakkasetrinu nokkur eintök af nýútkominni bók sinni *Meet the arctic fox* en bókin kom út m.a. á norsku og ensku og hlaut norsku barnabókaverðlaunin árið 2013. Bókin er einnig til sölu í Melrakkasetrinu.



*Mynd 2. Þátttakendur á ráðstefnunni.*

Melrakkasetur Íslands þakkar öllum þeim sem mættu á ráðstefnuna fyrir komuna og sérstaklega þeim sem undirbjuggu og kynntu fyrir ráðstefnugestum þau verkefni sem þeir eru að vinna að.

Sérstakar þakkir fá Vesturferðir og Borea Adventures fyrir þeirra framlag við bókanir og skipulagningu ferða til og frá ráðstefnustað og meðan á ráðstefnunni stóð. Einnig fá staðarhaldarar á Hótel Núpi sérstakar þakkir fyrir góðar móttökur og góðan viðurgjörning.

Melrakkasetur Íslands vill einnig þakka Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða og Fjórðungssambandi Vestfirðinga fyrir þeirra aðkomu að ráðstefnunni. Súðavíkurbreppur fær einnig þakkir fyrir sitt framlag.



## Rannsóknir

### Vöktun íslenska refastofnsins

Rannsóknir á íslenska refastofninum hafa staðið yfir frá árinu 1979. Þær hófust að frumkvæði Páls heitins Hersteinssonar, prófessors í spendýravistfræði við Háskóla Íslands. Rannsóknin hefur alla tíð byggst á góðu samstarfi við veiðimenn um allt land sem leggja til hræ af felldum dýrum, til krufninga. Niðurstöður eru m.a. notaðar til að reikna út stærð og meta ástand refastofnsins. Í dag er verkefnið unnið í samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Melrakkaseturs Íslands, Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða. Á árinu 2013 voru krufðir 325 refir sem veiddir voru í öllum landshlutum árin 2012 og 2013, þar af 173 steggir og 152 læður. Um 70% dýranna voru af mórauðu litaafbrigði en á Íslandi er hlutfall mórauðra dýra með því hæsta sem gerist í þessum heimshluta. Ýmiss konar sýni voru tekin úr krufðum hræjum til frekari rannsókna, t.d. margar úr vel förnun vetrardýrum, feldir til efnagreininga og hausar soðnir til að hreinsa kjálka og draga úr vígtennur. Kjálkar voru mældir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og vígtennur sendar til rannsóknarstofu erlendis til þunnisneiðingar og aldursgreiningar. Í læðum voru talin legör en þau eru merki eftir fylgju og gefa því til kynna hversu mörg fóstur læðan gekk með. Þannig má meta frjósemi. Læður sem eru kynþroska en ekki með legör á seinni hluta ársins, eða fóstur á vorin, eru skilgreindar sem geldlæður. Hlutfall geldra læðna og frjósemi þeirra sem tímgast eru mikilvægar vísitölur í stofnmælingum og getur hátt hlutfall gelddýra t.d. verið merki um þéttleikaháð áhrif.



Mynd 3. Unnið við krufningar á innsendum refum, mörgum þykir nóg um. Guðmundur Jakobsson skerpir bitið manna best og hafa þeir bræður, hann og Ragnar, reynst ákaflega hjálplegir í þessum rannsóknum.

Það er gaman að segja frá því að nokkur met voru slegin á árinu. Í nóvember var krufinn tíupúsundasti refurinn frá því Páll heitinn Hersteinsson hóf að safna hræjum árið 1984. Þetta var karlrefur af suðurlandi, hvítur á lit. Hann var á fyrsta ári en átti enga framtíð fyrir sér.

Í janúar var skotinn þyngsti refur sem sögur fara af, hann vó 7,8 kíló og var veiddur á norðanverðum Vestfjörðum. Er þetta líklega heimsmet og reyndu starfsmenn Melrakkaseturs Íslands að fá það samþykkt hjá Guinness world records en þeir treystu sér ekki í að staðfesta að um met væri að ræða þar sem skorti samanburð frá öðrum löndum. Þess ber þó að geta að hér var haldin alþjóðleg ráðstefna melrakkafræðinga frá ýmsum löndum og bar mönnum saman um að þetta hlyti að vera þyngsta tófa í heimi (fyrir utan deilitegund á Pribilof eyjum). Þeir hjá Guinness nemtu greinilega ekki að fara í þessa vinnu en tófan verður stoppuð upp og sýnd í Melrakkasetri Íslands, Súðavík. Skytturarnar sem eiga þessi tvö met (10.000 og 7,8) eiga inni frímiða og veitingar í Melrakkasetrinu auk umfjöllunar um afrek sín í veiðimannahluta sýningarinnar (ef þeir gefa leyfi).

Farið var á fund veiðimanna á suðurlandi (Skotreyri) í byrjun árs og á norðausturlandi (opinn fundur í Ásbyrgi) um haustið en veiðimönnum á norðanverðum Vestfjörðum var boðið til fundar í Melrakkasetrinu um vorið. Þarna hélt Ester erindi og kynnti niðurstöður rannsókna á refahræjum sem veiðimenn hafa sent inn í gegnum tíðina. Voru þetta gagnlegir og skemmtilegir fundir enda fáir sem hafa jafnmikinn áhuga á að rabba um refi og þessir aðilar. Einnig var farið á fund búnaðarfélagsins Bjarma að Holti í Öndarfirði í byrjun desember til að kynna rannsóknirnar og helstu niðurstöður af því svæði.

### Refirnir á Hornströndum

Árið 2013 voru heimsótt 34 þekkt greni í Hornvík, Hlöðuvík, Hælavík, Kjaransvík og Rekavík bak Höfn, auk þess sem tvö ný grenstæði fundust. Af 34 grenjum voru 15 í ábúð, þar af voru fimm pör í Hornbjargi og ein stök læða með yrðlinga sem hún missti alla í byrjun júlí. Ekki er vitað hvort grendýrin voru öll þau sömu og árið áður en allar læðurnar, að einni undanskilinni, voru móræuðar. Karldýrin voru í sömu litum og áður, um helmingur móræuður. Engin eyrnamerkt dýr sáust í friðlandinu þetta sumarið og engar tilkynningar bárust um þau en síðustu eyrnamerkingar fóru fram árið 2007. Fjöldi yrðlinga á grenjum var frá þremur og upp í átta en afföll voru hjá flestum pörum þegar leið á sumarið. Fjöldi óðala í ábúð var svipaður og undanfarin ár og geldtíðni einnig (þ.e. pör eða fullorðin dýr án yrðlinga). Lengst hefur verið fylgst með átta dýrum sem áttu sér óðal og tímguðust í allt að fimm sumur. Hugsanlega er það hámarkstími óðalspara á svæðinu þar sem þéttleikinn er mestur og samkeppni um óðul líklega hörð. Saurssýnum var safnað af svæðinu en úr þeim er hægt að greina erfðaefni. Þannig væri hægt að meta hvort dýrin sem þarna búa núna séu afkomendur fyrri óðalsbónda og hver skyldleikinn er meðal nágrannadýra. Hælavík er næst Hornvík hvað varðar þéttleika óðala og var ábúð þar sú sama og árin á undan, eða allt aftur til ársins 1999 þegar farið var á öll þekkt greni á svæðinu. Rannsóknirnar í friðlandinu á Hornströndum hafa gefið áhugaverðar niðurstöður um þéttleikaháð áhrif, meðal annars á félagskerfi refa, lífslíkur dýranna, tímgun og stofnstærðarstjórnun.

Haldið var upp á þau tímamót að 15 ár voru liðin frá því Páll heitinn Hersteinsson, Ester Rut og Hólmfríður dvöldu sumarlangt í Hlöðuvík á Hornströndum árið 1998 sem markaði upphaf refarannsókna þeirra sem Melrakkasetrið hefur ætíð haldið á lofti. Farið var í Hlöðuvík með fjölskyldu Páls heitins og dvalið þar í sólskini og blíðu aðra vikuna í júní. Athugað var með ábúð refa og farið á sömu staði og voru heimsóttir í upphafi rannsókna vorið 1998. Því miður komst Hólmfríður ekki

með en hennar var minnst í sögum af sumrinu 15 árum fyrr. Var fjölskylda Páls og við öll ánægð með dvölinu og tókst okkur að staðfesta ábúð í tveimur óðulum í vikinni. Að sjálfsögðu voru önnur dýr þar en áður fyrr en hugsanlega voru þarna einhverjir afkomendur Bletts og Bínu eða Ketils og Kötlu úr Kjaransvík.



*Mynd 4. Gengið upp eftir Hlöðuvíkursnum inn að Krókholtum. Jökladalur og Hlöðuvíkurskarð í bakgrunni, enn talsvert af snjó. Með í för voru sjálfboðaliðarnir Eric Maes, Julien Joly ásamt Intern-nemanum Chloé Nater, Ástríður Pálsdóttir, ekkja Páls heitins, Páll Ragnar Pálsson sonur þeirra og Ragnhildur Kristjánsdóttir, kona hans. Kristján, faðir Ragnhildar, systir Páls, Inga Hersteinsdóttir og börn hennar, Anna Margrét og Sigmundur. Mynd: Eric Maes.*

Eftir dvölinu í Hlöðuvík var haldið til rannsókna í Hornvík. Hluti hópsins gekk yfir og fór Atlaskarðið en vistir voru sendar með báti sem einnig flutti einn sjálfboðaliða til viðbótar. Ester fór Hælavíkurbjargið og niður Hvannadalinn í fylgd Kristjáns, tengdaföður sonar Páls heitins, Páls Ragnars. Athugað var með ábúð í Hælavíkinni, Hælavíkurbjargi, Hvannadal, Rekavík bak Höfn og hafnarmegin í Hornvíkinni. Allt gekk að óskum og voru búðir settar upp að Horni þar sem dvalið var í viku við rannsóknir og vöktun grenja. Einnig var notað tækifærið og settar upp nokkrar músa-lífgildir í hvönninni niðri við bæjarlækinn að Horni og í nokkrum af rústum gömlu bæjarstæðanna. Ekkert veiddist alla vikuna í júní en það kom ekki á óvart enda fást mýs illa í gildir á þessum árstíma.

Áhrif ferðamanna á atferli refa vor rannsökuð eins og sumrin áður. Vöktuð voru tvö greni í 12 tíma daglega í 5 daga þar sem umferð ferðamanna liggur á eða nálægt. Tvær sex tíma vaktir voru við hvert greni og skráðu sjálfboðaliðar allt markvert ásamt því að tímasetja komur og atferli refa og manna. Í júní voru það Eric Maes, Chloé Nater, Fiona Stoddart og Julien Joly. Rannsóknin var endurtekin með nýjum hópi sjálfboðaliða í júlí: Juliann Schamel, Chris Moore, Josh Bradlow, Lucie Abolivier og Chloé Nater. Í ágúst fóru svo aftur Chloé Nater og Eric Maes til að vakta grenin tvö og sjá hvort breytingar væru á yrðlingafjölda frá því fyrr um sumarið.





*Mynd 5. Juliann, Lucie, Chloé, Josh og Chris í Hornvík í júlí en það rigndi alveg helling á okkur þessa viku í júlímánuði 2013.*

### Hvað eru refirnir að éta?

Veiðikortasjóður veitti styrk fyrir árið 2013 til rannsókna á magainnihaldi til að meta vetrarfæðu refa um allt land. Árið 2013 var ekki farið í greiningu en mögum var safnað þegar dýr voru krufin. Hægt gekk að safna nægilega mörgum mögum til að byrja með enda bara heilleg dýr og þau sem ekki voru veidd við agn sem nýttust. Aðstaða fékkst hjá Náttúrustofu Vestfjarða í Bolungarvík og hóf Jónas að greina magainnihaldið í upphafi árs 2014. Greiningunni mun vonandi verða lokið fyrir árslok en á sumrin eru allir starfsmenn setursins á kafi í önnum. Niðurstöðurnar verða birtar í skýrslu sem væntanlega verður aðgengileg á heimasíðu Melrakkasetursins í árslok 2014.

### Tjón á sauðfé – módel

Hálf dán Helgi Helgason, líffræðingur hjá Norsk Polar Institutt í Noregi, var ráðinn í tímabundið verkefni við að þróa aðferð til að meta tjón á sauðfé af völdum refa. Því miður fékkst ekki fjármagn til að fara í verkefnið að fullu en Hálf dán náði að grunnvinna módel sem virðist gefa nokkuð góða mynd af lambavanhöldum yfir sumartímann. Sótt var um í veiðikortasjóð til verkefnisins fyrir árið 2014 en umsókninni var synjað. Hálf dán kynnti fyrstu niðurstöður sínar á veggspjaldi á alþjóðlegri melrakkaráðstefnu í október. Veggspjaldið er einnig til sýnis í Melrakkasetrinu. Vonandi fæst einhverntímann botn í þá ráðgátu hvert hið raunverulega tjón er sem refurinn kann að valda íslensku sauðfé. Fjármunum sem er varið til að koma í veg fyrir þetta meinta tjón yrði þá betur varið.

## Vísindagreinar

Samstarf í veiðum og vísindum þykir mörgum kollegum mínum spennandi og erum við oft beðin um að senda sýni til ýmissa samanburðarrannsókna.

Þegar Páll heitinn lést í október 2011 hafði hann tekið saman nokkur sýni fyrir þýska og rússneska kollega. Hélt ég áfram söfnuninni en beðið hafi verið um sýni úr sextíu dýrum, helmingi af búsvæðum á ströndinni og helmingi innar í landinu. Tekin voru fimm sýni úr hverju dýri: blóð, feldur, lifur, nýru og vöðvi. Kveikjan að rannsókninni var erfiðleikar með refastofninn á rússnesku eyjunni Mednyi í Commander-eyjaklasanum við Kyrrahaf. Stofninn hrundi fyrir þremur til fjórum áratugum og hefur hann ekki náð sér almennilega á strik aftur. Ekki hafa fundist neinar sýkingar sem skýrt gætu veikindi dýranna og því beindist athyglin að hugsanlegri mengun.

Í janúar á síðasta ári kom svo út grein (Bocharova o.fl. 2013) og fjallar hún um niðurstöður rannsóknar á uppsöfnun kvikasilfurs í refastofninum. Þar er meðal annars skýrt frá því að refir sem lifa á búsvæðum við sjávarsíðuna, meðal annars hér á landi, hafa safnað upp miklu magni af kvikasilfri í líffærum sínum. Aftur á móti fannst lítið af kvikasilfri í refum sem veiddir hafa verið inn til landsins á Íslandi.

Vísindamennirnir skoðuðu feldi melrakka sem höfðu verið veiddir á Mednyi-eyju fyrr á tímum og voru til á söfnum. Niðurstöður mælinga sýndu að refirnir báru einnig í sér mikið magn af kvikasilfri fyrr á árum. Jafnframt var sýnt fram á að kvikasilfrið var upprunnið í fæðu refanna enda fannst mikið af kvikasilfri í selum og sjófuglum á rannsóknarsvæðinu.

Það vakti sérstaka athygli hversu lítið af kvikasilfri mældist í refum sem veiddir voru inn til landsins á Íslandi. Fæða refa þar veldur því ekki sömu kvikasilfurmengun og við ströndina. Þetta gæti skipt máli fyrir heilbrigði og viðgang stofnsins og tegundarinnar því refirnir á Mednyi búa ekki við þau gæði að geta leitað sér fæðu inn til landsins eins og þeir íslensku.

Svo skemmtilega vildi til að þegar ráðstefnan í október stóð sem hæst bærust fréttir um að vísindatímaritið Polar Biology hefði einmitt samþykkt að birta grein um félagskerfi refa sem Melrakkasetrið á þátt í en höfundar eru Anders Angerbjörn, Karin Norén, Bodil Elmhagen, Ester Rut Unnsteinsdóttir og Páll heitinn Hersteinsson. Það voru því tvær ritrýndar vísindagreinar sem Melrakkasetrið á þátt í og birtust á árinu 2013.

## Þjónustuverkefni

### Refaskoðun

Farið var í nokkrar refaskoðunarferðir á vegum Vesturferða, ekki síst til að prófa aðferðir til að sýna dýrin, fá viðbrögð gestanna og sjá hvernig dýrin bregðast við þegar farið er eftir leiðbeiningum sem við höfum þróað í verkefninu The Wild North. Afraksturinn er nokkuð skýr, gestirnir vilja frekar vera í litlum hópi og að halda fjarlægð við dýrin til að sjá þau í sem náttúrulegustum aðstæðum. Refirnir voru auðvitað misjafnir og brugðust ekki alltaf eins við nærveru gestanna. Bæði hefur áhugi vaxið meðal ferðamanna og eftirspurnin aukist þannig að varan er tilbúin til afhendingar, þ.e. nú ættu ferðaskrifstofurnar að taka við og þjálfa upp leiðsögumenn sem fara að reglum og fá vottun og þjálfun hjá okkur til að geta tryggt ánægjuleg og sjálfbær viðskipti með slíkar ferðir í komandi framtíð.



### Kvikmyndaverkefni

Guðbergur Davíðsson hjá Ljósopi ákvað að ráðast í það metnaðarfulla verkefni að gera heimildarmynd um íslenska melrakkann. Guðbergur, eða Bubbi eins og við köllum hann, hóf tökurl og undirbúningsvinnu sumarið 2013. Melrakkasetrið mun styðja við bakið á Bubba og aðstoða hann eftir bestu getu, hvort sem er með ráðgjöf eða beina aðstoð á vettvangi. Við hlökkum til að sjá afraksturinn sem vonandi verður fullbúin heimildarmynd, að fáum árum liðnum.



*Mynd 6. Guðbergur gerir litlu vélina klára á bjarginu. Mynd: Eric Maes.*

Nokkrir aðrir aðilar lýstu yfir áhuga á samstarfi vegna kvikmyndaverkefna og var Melrakkasetrið í samskiptum við ýmsa þeirra, m.a. BBC Nature sem reyndar hófu tökurl í mars 2014.

## Lokaorð

### Nýtt fólk og björt framtíð

Með því að fá þá Jónas og Midge til starfa, var hægt að sinna þeim auknu verkefnum sem vaxandi gestafjöldi og aukin athygli hafði í för með sér. Þetta þýddi þó að undirrituð þurfti að draga sig í hlé frá rekstrinum og einbeita sér að rannsóknum í nýju starfi hjá Náttúrufræðistofnun, sem þó var unnið í góðu samstarfi við Melrakkasetrið. Hugmyndafræði Melrakkasetursins, að sameina náttúrufræði og menningararf í auðlindasköpun með hugsjónirnar að leiðarljósi kallar á sífellt nýjar leiðir og fólkið okkar þarf alltaf að vera á tánum til að geta haldið uppi þeim krafti og þeirri stemningu sem setrið stendur fyrir. Það var erfitt að draga sig í hlé og láta öðrum eftir daglega stússið og einbeita sér að einum lið starfseminnar. Þetta hefur þó gengið framár vonum og ég held að það hafi verið heillaskref að fá þá félagu með í lið melrakkanna og veita þeim það svigrúm sem þeir þurftu til að njóta sín í starfinu. Þó er ljóst að því miður ber reksturinn ekki tvö heilsársstörf enn um sinn. Það er þó framtíðarmarkmið enda ætíð nóg af verkefnum. Árið 2013 var í heildina gott fyrir Melrakkasetrið sem tókst enn og aftur að vaxa og dafna og standa undir þeim markmiðum okkar að verða eitt aðal-aðdráttarafl svæðisins og skapa ánægjulega umræðu og talsvert mörg störf með beinum og óbeinum hætti. Þetta er allt unnið með því góða fólki sem með okkur hefur starfað, bæði launað og ólaunað. Fyrir það ber að þakka. Mig langar sérstaklega að þakka samstjórnendum mínum og starfsfólki fyrir öll árin sem við höfum átt saman, frábær kynni og gott samstarf.

Ég lít til baka ákaflega stolt af þessu litla verkefni sem nú hefur náð heimsathygli og þykir svo sjálfsagt að tilvera þess verður hreinlega að vera tryggð um ókomna tíð. Ég er bjartsýn á framhaldið enda hefur Melrakkasetrið vaxið örar en mig óraði fyrir í upphafi. Við melrakkar fortíðar og framtíðar berum þó mikla ábyrgð og munum sannarlega gera okkar besta til að halda áfram að auka veg og vanda Melrakkaseturs Íslands.

Ester Rut Unnsteinsdóttir

